

REGLUR FYRIR STARFSNEFNDIR Á VEGUM SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐS HAFNARFJARÐAR.

Almennar reglur um starfsnefndir:

Í almennum reglum um starfsnefndir á vegum Hafnarfjarðarbæjar segir að þær skuli skipaðar samkvæmt 53. gr. samþykktu um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar: “Bæjarstjórn og ráð geta kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn og ráð geta einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.”

Í leiðbeinandi reglum um starfsnefndir segir enn fremur að starfsnefndir sem skipaðar eru af bæjarstjórn eða ráði sækji umboð sitt til þess (eða þeirra) aðila sem skipar (kýs) starfsnefndina og skili niðurstöðum síðan til þess sama aðila. Heimilt er ráði að setja nánari starfsreglur fyrir starfsnefndir sem taki mið af þessum almennu starfsreglum.

Fyrir starfsnefndir á vegum skipulags- og byggingarráð gildir eftirfarandi:

Starfsnefndir á vegum skipulags- og byggingarráðs skulu skipaðar samkvæmt erindisbréfi, og mega hefja störf þegar erindisbréfið hefur verið samþykkt í Skipulags- og byggingarráði.

Í erindisbréfi skal koma fram fjöldi og nöfn nefndarmanna og varamanna, hámarksstarfstími nefndarinnar og hámarksfjöldi funda sem greitt er fyrir.

Ef framlengja þarf störf starfsnefndar eða auka fjölda funda umfram það sem getið er í erindisbréfi skal því vísað til skipulags- og byggingarráðs sem tekur ákvörðun um málið.

Um greiðslur til nefndarmanna gilda almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar.

Nefndirnar skulu halda fundargerðir sem lagðar eru fyrir skipulags- og byggingarráð.

Nefndirnar mega ekki stofna til kostnaðar án samþykkis skipulags- og byggingarráðs eða sviðsstjóra, og skal ætíð vera fjárheimild fyrir öllum útgjöldum.

Heimilt er skipulags- og byggingarráði að óska eftir að starfsnefndir geri grein fyrir stöðu mála hvenær sem þörf er talin á starfstíma þeirra.

Nefndirnar skulu skila lokaskýrslu til skipulags- og byggingarráðs þegar þær hafa lokið störfum.

Samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs dags: